

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Eyleifur Jóhannesson, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Magnús Tryggvason, Leifur Guðni Grétarsson, Hörður Oddfríðarson og Árni Stefánsson

Afboða, mæta ekki : Júlía Þorvaldsdóttir, Guðrún Pálsdóttir

Fundur 13.01 2026 settur kl. 18.00

1. Mót og starfsemi

- a. RIG verður haldi í Laugardalslaug 23. – 25. janúar. Fjöldi keppenda eru rúmlega 250. Undirbúningur mótsins gengur vel og mótastjóri fór yfir gang mála. Það er verið að manna mótið og mönnun gengur vel. Mótinu verður streymt að vanda. Mótið unnið í samstarfi við Sunfélagið Ægi.
- b. SSÍ mót tímabilsins verða á eftirfarandi stöðum. RIG verður í Laugardalslaug, ÍM50, SMÍ og Bikar í Ásvallalaug, IMOC og AMÍ í Reykjanesbæ.
- c. Nordic Masters verður haldið á Íslandi 8-9 október 2027.
- d. Kjör íþróttamanns ársins fór fram í Hörpu 3. janúar. Framkvæmdastjóri og yfirmaður landsliðsmála mætti á viðburðin fyrir hönd SSÍ. Eygló Fanndal lyftingakona var kosin íþróttamaður ársins og óskum við henni til hamingju með kjörið. Sundfólk ársins eru þau Snærfríður Sól Jörunnardóttir og Snorri Dagur Einarsson. Snærfríður var í topp 10 kjöri fyrir íþróttamann ársins og endaði í 7. sæti.
- e. Rætt var um afmælishóf í tilefni af 75 ára afmælis SSÍ á þessu ári. Afmælishófið, sem tileinkað verður sjálfboðaliðanum verður haldið þann 12. febrúar n.k í Þróttaraheimilinu og verð boðsbréf send út í vikunni.
- f. Farið var yfir úthlutun afrekssjóðs fyrir árið 2026 en SSÍ fékk að þessu sinni rúmar 51 m.kr úr sjóðnum. Hluti úthlutunar eru eyrnamerkur ákveðnu sundfólki. Auk þess fá 4 sundmenn styrk og launasjóði afrekssjóðs og SSÍ hefur einnig fengið styrk frá afrekssjóði til afrekspjálfunar.
- g. Farið var yfir tölulegar upplýsingar úr rekstri SSÍ ásamt kostnaði móta og ýmsa tölulega þróun í starfinu bæði hvað varðar tekjur, kostnað og fjölda iðkennda.
- h. Farið var yfir samning við IC Control Media & Sport um notkun á Tempus gagnagrunninum og hann samþykktur.
- i. Framkvæmdastjóri og yfirmaður landsliðsmála gerðu grein fyrir fundi sem þau fóru á í Tallin í Eistlandi með framkvæmdastjórum og yfirmönnum landsliðsmála NSF samstarfsins.
- j. Þann 12. desember s.l var Sundlaugamenning Íslendinga formlega samþykkt inn á lista UNESCO sem óáþreifanleg menningarverðmæti þjóðar. Formaður SSÍ mætti, og hélt stutta tölu, á samkomu sem haldin var í sundlaug Vesturbæjar í tilefni tímamótanna. Þar fluttu einnig ávörp Logi Einarsson menningar- og nýsköpunarráðherra og Heiða Björk Hilmdóttir Borgarstjóri og fögnuðu tímamótunum ásamt Auði Ingu frá UMFÍ.
- k. Formaður fór í móttöku hjá Höllu Tómasdóttur forseta Íslands á Bessastöðum þann 6. janúar síðastliðin.
- l. Farið var aftur yfir tilboð í skjá veggj en á mótum okkar undanfarnar vikur hefur komið í ljós að kostnaður við að leigja skjái er mjög hár. Komið hefur upp hugmynd um að kaupa svona skjái í samvinnu við önnur sérsambönd. Stjórn samþykkti að framkvæmdastjóri, formaður og mótastjóri tækju málið áfram

2. Afreksmál

a. Norðurlandameistaramót 28-30. Nóvember (Laugardalur)

- 16 einstaklingar kepptu fyrir Íslandshönd á mótinu, og afreksturinn var ágætur. Hólmar Grétarsson náði bestum árangri með gullverðlaun í 400 m fjórsundi og silfur í 200 m flugsundi. Eva Margrét Falsdóttir vann silfur í 400 m fjórsundi og brons í 200 m fjórsundi. Sólveig Freyja Hákonardóttir náði sjöttu verðlaunum Íslands og vann brons í 400 m fjórsundi.
- Bætingahlutfall hjá unglingum var 26,47% og 10,53% hjá fullorðnum. Þótt við hefðum viljað sjá fleiri bætingar, er árangurinn ásættanlegur, þar sem mörg sund voru alveg við bestu tíma.

b. Evrópumeistaramót í 25m laug 2-7. Desember (Lublin, Pólland)

- Við áttum stóran hóp keppenda á EM25 í desember, og aðeins einu sinni áður hefur Ísland sent 10 keppendur á EM25, en það var árið 2003 í Dublin, Írlandi. Afreksturinn var góður, með 4 Íslandsmetum og 7 persónulegum bætingum.
- Snæfríður Sól Jörunnardóttir náði bestum árangri, þar sem hún setti Íslandsmet í bæði 50 m skriðsundi og 200 m skriðsundi. Í síðarnefndu grein sinni synti hún 23. besta tíma í Evrópu frá upphafi og endaði í 6. sæti í úrslitum.
- Einnig voru sett Íslandsmet í tveimur boðsundum: 4x50 m skriðsundi kvenna og 4x50 m blandað sveit. Heilt yfir gott mót, bætingar í um 25% unda, þar sem flestir keppendur syntu nálægt sínum bestu tímum í örðum greinum.

c. Æfingahelgi Framtíðarhóps: 10-11. janúar (Hafnarfjörður)

Helgin heppnaðist mjög vel með 32 sundkrökkum frá átta félögum. Ýmislegt fór fram, þar á meðal tvær sundæfingar, fjórir fyrirlestrar og kvöldvaka á laugardagskvöldinu.

- Eva Hannesdóttir, fyrrverandi afrekskona í sundi, sagði frá ferlinu sínu, þar sem hún æfði hjá sunddeild KR frá 9 ára aldri og keppti fyrir háskóla í Bandaríkjunum. Hún tók þátt í Ólympíuleikunum í London 2012.
- Þórgímur Þráinsson, þekktur rithöfundur og fyrrverandi knattspyrnumaður, hélt yfirllestur um lykilatriði til að ná árangri í íþróttum og lífinu. Hann lagði áherslu á að draga úr skjánotkun, auka svefn og vera góð manneskja.
- Eyleifur hélt fyrirlestur um landsliðskerfið og mikilvægi þess að einbeita sér að réttum atriðum í þjálfun. Einnig fór ég í gegnum helgina fyrir foreldra sundfólksins.
- Eftirtaldir þjálfarar tóku þátt: Bjarney, Guðmundi, Juan Carlos, María Fanney, Mladen, Ragnheiði og Sveinbirni Pálma og foreldrafélagi SH fyrir frábærar veitingar, sérstaklega.

Verkefni framundan:

- Æfinga- og fræðsludagar fyrir landsliðshópana:** 16-17. janúar (Reykjavík)
Dagskráin hefst kl. 16 á föstudeginum með sundæfingu og hópefli. Á laugardeginum verða tveir fyrirlestrar og sundæfing.
- Sundmælingar fyrir afrekslandslið:** 23-27. janúar
Nýtt fyrirkomulag fyrir sundmælingar, eingöngu í boði fyrir afrekslandslið. Mælingarnar verða samansettar af laktatmælingum á móti og hefðbundnum sundmælingum eftir mót, þetta verður gert á RIG og ÍM50.
- Yfirþjálfara- og afreksþjálfara fundur:** 24. janúar (RIG)
Við munum hafa fund í hádeginu á laugardeginum á RIG. Þar munum við fara yfir

dagskrána fyrir restina af sundárinu og ræða mótahald almennt.

- d. **McCullagh International fyrir landsliðshópa:** 20-22. febrúar (Dublin)
Við ætlum að bjóða upp á alþjóðlegt mót fyrir landsliðshópa í stað æfingabúðir.
Upplýsingar um þetta verkefni ásamt skráningu verður sent út um leið og við höfum fengið allar upplýsingar frá mótshöldurum. Allir sem hafa lágmörk í unglinga-, úrvals- eða afrekslandslið eftir ÍM25 fá boð um þátttöku.

Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

3. Aðsend bréf :

Dags **Efni**
Engin aðsend bréf lágu fyrir á fundinum

Sendandi

4. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Arnór Núi Dagmarsson	Ármann	Ægir	16.12.2025	15.01.2026

5. Staðfesting meta / afreka

Grein	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
50m skriðsund	Snæfríður Sól Jórunnard.	AAL	00:24,68	02.12.2025	Lublin/POL
200m skriðsund	Snæfríður Sól Jórunnard	AAL	01:53,78	03.12.2025	Lublin/POL
4x50m skriðsund	Sveit Íslands	ISL	01:40,61	02.12.2025	Lublin/POL
	Snæfríður Sól				
	Jóhanna Elín				
	Vala Dís				
	Birgitta Ingólfs				
4x50m skriðsund	Sveit Íslands	ISL	01:33,36	04.12.2025	Lublin/POL
	Símon Elías Statkevicius				
	Ýmir Chatenay				
	Jóhanna Elín				
	Vala Dís				

Unglingamet

Grein	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
50m	Denas Kazluis	ÍRB	00.22,56	06.12.2025	Reykjavík

6. Önnur mál:

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 20.00